

Stjórnarfundur Beint frá býli, haldinn að Hvanneyri 9.febrúar 2012 kl. 17:00

Mætt eru Guðmundur Jón formaður, Heidi gjaldkeri og Marteinn ritari.
Jóhanna B. Þorvaldsdóttir og Hlédís Sveinsdóttir sátu einnig fund.

Guðmundur Jón setti fundinn og gekk til dagskrár.

Liður 1.

Hlédís gaf skýrslu frá ráðstefnu sem var haldin á Smyrlabjörgum í Suðursveit 26-27 október 2011 um sjálfbærni í staðbundinni matvælaframleiðslu. Hlédís mun skila til stjórnar samantekt frá ráðstefnunni sem verður birt á heimasíðu Beint frá býli. Stjórn sammála um að fá erindi frá Matís um staðbundna matvælaframleiðslu inn á dagskrá aðalfundar Beint frá býli.

Liður 2.

Endurnýjun á gæðamerki hjá félögum. Gæðamerki eru gefin út til tveggja ára í senn og eru þau að renna út hjá þeim sem fengu merkin fyrst árið 2010.

Liður 3.

Þátttaka í viðburðinum "Full borg matar" 2012. Stjórn sammála um að félagið taki ekki þátt í þeim viðburði í ljósi þess hvernig Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur stendur að leyfisveitingum til markaða nema að vinnulag við það breytist.

Liður 4.

Maturinn 2011 á Akureyri í október 2011. Þessi matar- og sölusýning tókst mjög vel.

Liður 5.

Markaður við versluna Búrið í desember 2011. Þessi markaður tókst vel og vilji fyrir að halda slíkan markaði aftur.

Liður 6.

Guðmundur Jón segir frá kynningu á skýrslu Háskólans á Akureyri um lagaumhverfi í landbúnaði. Einnig skýrði Guðmundur Jón frá bréfaskriftum við Mast vegna landsregla við upptöku nýrrar matvælaeplugerðar.

Liður 7.

Reikningar 2011. Stjórn fór yfir reikninga ársins.

Liður 8.

Aðalfundur 2012 verður haldinn að Sólheimum 25.febrúar. Fundarboð hefur verið sent út til félaga.

Liður 9.

Afgreiðsla nýrra félaga. Ein umsókn hefur borist frá síðasta fundi. Umsókninni var hafnað þar sem umsækjandi er ekki með starfssemi á lögbýli.

Liður 10.

Önnur mál.

Leitað var til Beint frá býli vegna starfsemi í sláturhúsinu í Borgarnesi. Stjórn ræddi þetta erindi og er sammála um að félagið geti ekki beint komið að þessu verkefni. Rætt var um að kynna þurfti merki Beint frá býli til að þau verði þekktari. Stjórn ræddi fund sem haldinn var fyrr um daginn til að kanna samstarfsfleti á milli Ferðaþjónustu bænda, Beint frá býli og Opins landbúnaðar. Niðurstaða fundarins var að hugsanlega væri hægt að fá aðila frá Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskólans á Hólum til að kanna með hvaða hætti væri hægt að vinna saman að ýmsum sameiginlegum málum eins og markaðsmálum, gæðamálum og starfsmennamálum.

Fundi slitið kl 20:15

Marteinn Njálsson ritaði fundargerð.